

Aðalfundur KKH 4. desember 2012

Á síðsta aðalfundi sem haldinn var 29.nóvember 2011 var skipað í ráð og nefndir eins og venja er og stjórnin var endurkjörin á fundinum.

9. desember söng kórinn við jarðaför Sigríðar frá Kjóstöðum

Kórinn endaði síðan árið með því að fara á jólahlaðborð á Geysi.

Fyrsta æfing á nýju ári átti að vera 10. jan er féll niður vegna veðurs . Æfingadagur var haldinn að Laugarvatni 14. jan. Þann 28. jan var samæfing þriggja kóra í Selfoskirkju vegna 100 ára afmælis karlakórsins þrasta í Hafnarfirði. Fjórir kórar komu fram í Hörpu ásamt afmælisbörnunum, mikil söngveisla og sannur heiður fyrir Karlakór Hreppamanna að fá að taka þátt í þessari veislu.

Kórinn tók þátt í svokölluðum kórahittingi í Árnesi í byrjun febrúar.

Undirbúningur fyrir vortónleika og væntanlega ferð til Ísafjarðar var hafinn og var byrjað með því að taka mynd af þessum glæsilega hóp og sá Ljósmyndastofa Suðurlands um myndatöku. Vortónleikar voru síðan haldnir á Selfossi og á Flúðum 14. apríl. Fram komu með kórnum samspilshópurinn Upptaktur, skipaður þremur ungmennum , þeim Jóhönnu H. Sigurðardóttur, Guðmundi Stefánssyni og Pétri Dalmay. Örlýgur Benediktsson stjórnaði hópnum og spilaði einnig með. Gestakór tónleikanna voru þeir bráðhressu félagar úr Raddbandafélagi Reykjavíkur.

Eftir velheppnaða vortónleika tók kórinn þátt í Heklumóti á Ísafirði, mót norðlenskra karlakóra, sem haldið var 21.-22. apríl en þangað hafði kórnum verið boðið að koma sem gestakór.

5. maí voru síðustu tónleikar vorsins haldnir á Flúðum. Þar komu fram ásamt KKH, Karlakórinn Ernir frá Ísafirði og Víkingarnar af Suðurnesjum. Áður en kórinn fór í sumarfrí í byrjun júní skelltu menn sér á hestbak og riðu á milli sveita í mikilli blíðu. Var síðan endað í grillveislu á Ísabakka- afar vel heppnaður dagur í alla staði.

Í sumarfríinu var sungið í afmæli Margrétar Runólfsdóttur, hótelhaldara á Flúðum.

18. september var fyrsta æfing haustsins. Hefðbundinn kórahittingur var á Flúðum um miðjan október. 27. október fór hluti af kórnum í menningarferð til höfuðborgarinnar og sá óperuna Il Trovatore í Hörpu.

Sungið var á árshátíð garðyrkjubænda sem haldinn var á Flúðum í byrjun nóvember.

Eftirminnilegt karlakvöld var haldið 16. nóvember í umsjón I.tenórs.

Eins og þið hafið heyrt hefur þetta verið viðburðarríkt ár og ég þakka kórfélögum fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður.